

9. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 84 6. júlí 1932, um bifreiðaskatt o. fl.

(Lagt fyrir alþingi 1934).

1. gr.

1. gr. a i lögum nr. 84 6. júlí 1932 hljóði svo:

Af benzíni 8 auro innflutningsgjald af hverjum lítra.

2. gr.

Allar auknar tekjur rikissjóðs samkv. 1. gr. gangi til viðhalds þjóðvega.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Eftir því sem þjóðvegakerfið lengist, eykst viðhaldið á þjóðvegunum. Með því að langsamlega mest slit þjóðvega kemur af bifreiðanotkun, þykir rétt að notendur bifreiðanna greiði viðhald þetta meir en áður.